

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hveragerðisbæ.

Breyting á deiliskipulagi miðsvæðis Austurmarkar, Sunnumarkar og Mánamarkar.

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkti 7. júní 2023 óverulega deiliskipulagsbreytingu á Tívolíreit á lóðunum Sunnumörk 1 og 3 og Austurmörk 24. Markmið deiliskipulagsbreytingarinnar er að heimila kjallara á lóðinni Sunnumörk 3, breyta bílastæðakröfu og sameina þegar fengnar heimildir til íbúðauppbyggingar á lóðinni auk fjölgunar íbúða um eina íbúð innan sama byggingarmagns. Engar íbúðir verða heimilaðar á lóðum Austurmerkur 24 og Sunnumerkur 1 eftir breytingu. Deiliskipulagsbreytingin vîkur að óverulegu leyti frá notkun, nýtingarhlutfall, útliti og formi Tívolíreits og telst þar með óveruleg skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi Réttarheiðar og Finnmarkar vegna leikskólans Óskalands.

Bæjarráð Hveragerðisbæjar samþykkti 4. júlí 2023 breytingu á deiliskipulagi Réttarheiðar og Finnmarkar, vegna leikskólans Óskalands. Markmið deiliskipulagsbreytingarinnar er að fjölga leikskóladeildum, stækka byggingarreit og heimila aukið byggingarmagn til þess að koma til móts við fjölgun leikskólabarna í Hveragerðisbæ. Auglýstur athugasemdafrestur var frá 15. maí til 25. júní 2023 og bîrust umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Umhverfisstofnun dagsett 1. júní 2023, Veitum ehf. dagsett 5. júní 2023 og Heilbrigðiseftirliti Suðurlands dagsett 29. júní 2023. Umsagnaraðilar höfðu yfirfarið gögnin og gerðu engar athugasemdir við breytingartillöguna. Samhliða deiliskipulagsbreytingunni var auglýst breyting á aðalskipulagi vegna reits S2 og aðlægum reit opins svæðis í samræmi við 2. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagsbreytingin hlaut meðferð skv. 1. mgr. 43. gr. sömu laga og öðlast þegar gildi.

Hveragerði, 22. ágúst 2023.

Hildur Gunnarsdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 29. ágúst 2023